

Alþingi
Erindi nr. P 135/219
komudagur 16.11.2007

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritar
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. nóvember 2007 02-2007110027
T-ums 17/07

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna - 14. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 2. nóvember 2007 móttengið bréf yðar dagsett 31. október sama ár þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna.


Í tillögunni segir: „Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að heimila skattaívilnanir vegna kostnaðar sem fyrirtæki leggja í vegna rannsókna og þróunar. Miðað verði við skilgreind og afmörkuð verkefni og ákveðið hámark sett á endurgreiðslufárhæð hvers árs.“

Það er mat ríkisskattstjóra að sértækar aðgerðir líkt og gert er ráð fyrir í umræddi ályktunartillögu eigi betur heima í almennu styrkjakerfi, enda endurgreiðslur til fyrirtækja í gegnum tekjuskattskerfið til þess fallnar að flækja skattframkvæmd og gera skatteftirlit þyngra en ella hvort heldur hefðbundin álagningarskoðun leiðir fram skattskyldar tekjur eða tap. Bent skal á að þegar er gert ráð fyrir faglegu matskerfi á rannsóknar- og þróunargildi þeirrar nýsköpunar, sem viðkomandi fyrirtæki hefði á þróununum, þannig að slík uppáskrift til Fjársýslu ríkisins ætti að nægja til endurgreiðslu á hæfilegum kostnaði án aðkomu skattýfirvalda nema í hefðbundnum tilgangi álagningar og endurskoðunar.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til að svo komnu máli að gera frekari athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún Jenný Jónsdóttir